

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Berunesskirkju.— 100
 Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. þ. m., 8. júlí veiti jeg hjer með leyfi mitt til þess, að presturinn að Berufirði taki 1200 kr. lán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til kirkjubyggingar, þannig, að lánið endurborgist á 16 árum með jöfnum árlegum greiðslum af tekjum kirkjunnar, og, ef þær eigi hrökkva til, af tekjum prestakallsins.

Þetta er stiptsyfirvöldunum þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Skýrsla

99

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—25 júní 1896.

(Framh.).

- e. Af gjörðabókarútskriftinni úr Gullbringu- og Kjósarsýslu 13.—15. apríl þ. á., sjest ekki annað en að sýslunefndin hafi við fundarlok falið forseta sínum og sýslunefndarmanninum í Gardahreppi að rannsaka styrktarsjóðsskýrslur hreppanna. Jafnframt lagði forseti fram brjef sýslumannsins í nefndri sýslu 20. apríl þ. á. um það, að styrktarsjóðsgjaldið úr Rosmhvalaneshreppi og Grindavíkurhreppi fyrir 1893 væri innborgað í Söfnunarsjóðinn. Með svo felldu móti hefur sýslunefndin alls eigi fullnægt fyrirmælum landshöfðingjabrjefsins 21. sept. f. á., og það er eigi hægt að sjá af gjörðabókarendurritinu, hvort nokkrar skýrslur hafi verið fram lagðar á sýslunefndarfundinum. Amtsráðið sagði svo fyrir, að sýslumaður skyldi annast um að allar hreppsnefndirnar sendu honum hinar fyrirskipuðu skýrslur, sem næðu til ársloka 1895, með nægum skilríkjum fyrir því, að fje sjóðanna væri inn borgað í Söfnunarsjóðinn. Skýrsla um, að þessu væri fullnægt, skyldi svo vera komin til forseta fyrir lok október næstkomandi.
- f. Gjörðabókarútskriftin úr Borgarfjarðarsýslu viðvíkjandi fundarhaldi nefndarinnar 13.—15. apríl þ. á., ber það með sjer, að reikningarnir sjálfir yfir tekjur og gjöld alþýdustyrktarsjóðanna fyrir 1895 hafi verið rannsakaðir, og það sjest eigi, að neitt verulegt hafi fundizt athugavert við þá.
11. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 20. apríl þ. á., þar sem hann samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar ítrekar áskorun hennar við landshöfðingja frá í fyrra um, að ákveðið verði sem fyrst, hvar flutninga-brautir skuli lagðar um sýsluna, og fer þess á leit, að amtsráðið vilji að nýju beina þessu máli til landshöfðingja.

Amtsráðið varð að vera á sömu skoðun um þetta mál sem í fyrra, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 27.—29. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 195), að rjettast væri að biða með þetta, þar til landshöfðingi, að fengnu álit vegfræðings, um stefnu brautanna, heimtaði álit sýslunefnda og amtsráða um þetta málefni. Samt sem áður hafði amtsráðið ekkert á móti því,